



heilsa

Ekki eru allir Íslendingar varðir gegn hettusótt og er hættan á smíti mest þegar að ferðast er til útlanda. »20



holmráð

Fyrsti skóladaðurinn kemur bara einu sinni. Það geta þó verið blendar tilfinningar sem fylgja því að byrja í skóla. »20



▲ Sveigjanlegt Algengt er að panta vélarnar hálfíblúnar frá Bandaríkjunum og kostar þannig vél t.d. í kringum 320 dollara. Mótörin sjálfur getur svo kostað í kringum 500 dollara. Algengt er að menn smíði mól sem þetta á tveimur vetrum.



◀ Vönduð vinna Fyrst þarf að smíða grind fyrir skrokkinn úr furu. Skrokkriðnum er svo raðað á furuna og fest. Næst eru þunnir listar límdir utan á rifin og skrokkurinn klæddur með balsavið. Stélfötur er loks klæddur með dúk og vélin þá nánast eins og frummyndin.

▲ Líkan Flugmódelið er líka af vél sem var framleidd af North American og heitir SMJ-3 en þetta voru æfingavélar fyrir bandaríska herinn í seinni heimsstyrjöldinni. Kana rir kölluðu þær Texan en Bretarnir Harvard.



Morgunblaðið/PÓK

Stórflugkoma Einar Páll Einarsson heldur á laugardaginn stórflugkomu á flugvælinum að Tungubökkum og hefst samkoman um kl. 10 og eru allir velkomnir og er tilvalið að nota tækifærið til að kynnast heilandi heimi flugsins. Flugvélar verða hins vegar að hafa tveggja metra vænghaf til að taka þátt.

# „Héldu að ég væri endanlega genginn af göflunum“

Einar Páll Einarsson er mikill áhugamaður um stórflugmódel og í einu af flugskýlum Flugklúbbs Mosfellsbæjar er hann með fyrirmyndar aðstöðu fyrir módelin sín. Ingvar Örn Ingvarsson tók þennan módelsmið með meiru tali í yndislegu flugevðri að Tungubökkum í Mosfellsbæ.

Líklega þurfa flestir sínar fyrirmyndir en margar þeirra marka þó dýpri spor en mann gæti grunað. Þannig er ástætt um blaðamann sem las fjölda bóka um hetjuflugmanninn breska James Bigglesworth, í æsku en nokkrar af 98 bókum um kappann voru þýddar yfir á íslensku, annaðhvort sem teiknimyndasögur eða sem innbundnar bækur og nefndist kappinn þá Benni. Það var því ekki lítið spennandi að fara í heimsókn til Einars Páls Einarssonar „flugvéla-pabba“ því hann er einkar handlaginn flugvéla-smiður og hefur smíðað alls konar mól, en einnig fullvaxta flugvélar og á einmitt líkón af flugvélum frá tímum Benna.

Smitaðist af föður sínum

Einar Páll segist hafa dundað sér við flugmódelasmíði í um 50 ár og fékk hann dælluna frá föður sínum sem starfaði sem radíótækni-fræð-

ingur en var jafnframt mikill flugáhugamaður.

„Ég smitaðist af föður mínum sex ára gamall en hann var mikill áhugamaður í þessu og byrjaði að smíða mól um 1935 minnr mig. Það voru þó ekki fjarstýrðar vélar. Hann gaf mér svo mól þegar ég var sex ára gamall og eftir það varð ekki aftur smíð“, segir Einar Páll þar sem við stöndum á iðagrænum flugvælinum í Mosfellsbæ.

Það eru ekki bara flugmól sem fá að njóta hæfileika Einars Páls því hann hefur nú þegar gert upp sex flugvélar í fullri stærð og er að gera upp eina sem stendur fyrir Arngrími Jóhannsson flugmann. En þrátt fyrir að lítill greinarumur sé gerður á flugvélum og módelum þegar kemur að smíðum vill Einar Páll heldur vera á jörðinni þegar hann flýgur sínum eigin vélum. Áhuginn hefur þó þróast frá hefðbundnum og litlum flugmódelum í eins konar eftiríkingar af

stórum vélum í mun stærri skala. „Módelin þróuðust bara úr því að vera litlar, frítt fljögandi svifflugvélar yfir í það að vera fjarstýrðar vélar. Pabbi smíðaði fyrstu fjarstýringuna sem við áttum og fór fyrsta sumarið í það að þróa þetta. Við fórum kvöld eftir kvöld og brutum og brutum. Svo var lagað og brotið aftur og svo eitt kvöldið þá brotnaði ekki neitt. Þá fór nú að verða verulega gaman að þessu. Petta hefur sem sagt bara undið upp á sig og verður bara meira gaman“, segir Einar Páll sem notaðist til að byrja með við mjög einfaldan skrokk.

Frumkvöðull í stórum módelum

Vélin sem Einar Páll sýnir að þessu sinni er aðeins ein af mörgum, en kannski dæmigerð fyrir þá þróun sem getur orðið í flugmódelasmíði einstaklinga. „Þessi vél er gerð eftir mynd sem kunningi minn gaf mér og hann hafði fundið á Netinu, af vél sem er til í Norður-Karólínu. Ég var kominn á það stig að mála vélin og var að velja fyrir mér hvernig ég ætti að hafa hana þegar ég fékk myndina“. Flugmódelið er nákvæmlega eins og frummyndin og dæmigerð fyrir þær vélar sem Einar Páll, sem er nokkurs konar frumkvöðull í því að smíða stór flugmól á Íslandi, vinnur helst. „Við vorum allir með þessi dæmigerðu mól, 150 cm til 170 cm en svo fann ég teikningu af vél í blaði og sú hafði 270 cm í vænghaf. Petta var árið

1978 minnr mig. Þegar ég sýndi félagum mínum þetta þá héldu þeir að ég væri endanlega genginn af göflunum. Petta var svo svakalega mikið. En nú heillast allir af þessum stóru vélum“, segir Einar Páll og bætir við að stærri vélar láti betur að stjórna – séu ekki eins kvikar.

Skemmtilegt áhugamál

Spurður um hvað heilli Einar einna mest í dag segir hann að Piper Cub sé hans uppáhald, en hann á þrjár slíkar vélar. „Ég á eina 17 ára, aðra stóra Piper Cub og svo eina í fullri stærð sem sonur minn flýgur“. Einar við-urkennir þó að hann sjálfur hafi meira gaman af að smíða módelin og fylgjast með þeim frá jörðu og á það líka við um vélinu sem sonurinn flýgur.

Á laugardaginn stendur Einar Páll svo fyrir svokallaðri stórflugkomu, en hann hefur staðið fyrir slíkum sýningum í um 20 ár og segir öllum velkomni að fylgjast með, skilyrði fyrir þátttöku í stórflugkomunni er þó tveggja metra vænghaf.

Það er ekki laust við að blaðamaður öfundu tilvonandi íbúa í Leirvogstungu af því að hafa þessa skemmtilegu innsýn í flugsöguna – beint út um stoffluggluggann hjá sér.

Stórflugkoma er haldin laugardaginn 18. ágúst kl. 10.

VÍSNAHORNIÐ

## Gamlir bílar á Ystafelli

Fyrsti fundur Kvæðamannafélagsins lönnar verður haldinn 5. október í Gerðubergi kl. 20 og verður kvæðalagaefting 3. október. Bjargey Arnórsdóttir er ánægð með fundarstaðinn:

Gerðubergs gefur enn gleði vífi og halnum, kunna við sig kvæðamenn að kyrra hér í salnum.

Þó að styttil þulmar þegar fögnun vori, við skulum efla vonirnar og vera létt í spói.

Þegar Rúnar Kristjánsson var á ferðinni í Þingeyjarsýslu kom hann að Ystafelli. Þar leit hann merkilegt bílasmíð og orti:

Sögustaðreynd sú er hér sýnd með hætti klárum, – gamlir bílar geyma í sér gagn frá liðnum ánum.

Veðrið var fagurt í þessari ferð og Rúnar á frjálsu flugi:

Frá er nauð og lofn um lönd, lítt á gnaði bólar. Yfir haufur, haf og strönd hellist auður sólar.